

Tannsmíðir	2.	224
Tollgæzla	4.	21. febr.
Trésmíði, járnsmíði og blikksmíði: ¹⁾		
a. Framkvæmdarstjóri (aðeins eftirlit)	2.	
b. Með aflvélum	5.	
c. Án aflvéla	3.	
Útvarp:		
a. Stjórn, skrifstofustjóri, þular	1.	
b. Verkfræðingar	2. ²⁾	
c. Viðgerðarmenn	3. ²⁾	
d. Starfsmenn við háspennuleiðslu	6. ²⁾	
Vélgæzla	5.	
Verzlunarstörf:		
a. Skrifstofumenn	1.	
b. Verkstjórn í vöruheymslu	3.	
c. Aðrir vöruhúsastarfsmenn	4.	
d. Starfsmenn í matvöruverzlunum	2.	
e. — í járnvöruverzlunum	2.	
f. — í kjötverzlunum	2. ¹⁾	
g. — vefnaðarvöruverzlunum	1.	
h. Sölumenn innanbæjar	2.	
i. Sölumenn (úti um land)	3.	
j. Sendistörf:		
1. Vörusendlar	4.	
2. Aðrir sendlar	2.	

Iðnaðarfyrirtæki: Fyrir starfsfólk, sem vinnur við önnur iðnaðarfyrirtæki en þau, sem eru talin í iðgjaldaflokkun þessari, ákveðst iðgjaldið sérstaklega.

Iðgjaldaskrá þessi og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

225

24. nóv.

um breyting á reglugerð frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

1) Tvöfalt örorkuiðgjald.

2) Tvöfalt dauðsfallsiðgjald.

225

24. nóv.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

226

4. des.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Borgarneshreppi í Mýrasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Borgarneshreppi, og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmt er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi innan hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.